

Mánudaginn 16. febrúar 1953.

Nr. 53/1951. **Jón R. Gíslason** (Theódór B. Líndal)
 gegn
Erni Ingólfssyni (Sveinbjörn Jónsson)
 og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skaðabætur vegna bifreiðaáreksturs.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. apríl 1951. Hann gerir þær dómkröfur aðallega, að hann verði sýknaður af kröfum gagnáfrýjanda, en til vara, að honum verði dæmt að greiða gagnáfrýjanda fjárhæð samkvæmt mati dómsins ásamt 6% ársvöxtum frá stefnudegi í héraði til greiðsludags. Þá krefst aðaláfrýjandi þess, að málskostnaður í héraði verði felldur niður, en honum dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu af sinni hendi með stefnu 23. maí 1951. Hann krefst þess aðallega, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 9865.88 ásamt 6% ársvöxtum frá stefnudegi í héraði, 22. júní 1950, til greiðsludags, en til vara lægri fjárhæð eftir mati dómsins. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda eftir mati dómsins.

Flughálka var á veginum, þar sem árekstur sá varð, sem mál þetta er risið af. Ökumönnum beggja bifreiðanna bar því að gæta ýtrustu varkárni í akstri sínum, en á það þykir hafa skort af hendi þeirra beggja. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til raka héraðsdóms þykir rétt, að hvor aðilja beri helming tjónsins. Verður aðaláfrýjanda því dæmt að greiða gagnáfrýjanda kr. 4932.94 ásamt 6% ársvöxtum frá 22. júní 1950 til greiðsludags.

Eftir atvikum þykir rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda samtals kr. 1500.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Jón R. Gíslason, greiði gagnáfrýjanda, Erni Ingólfssyni, kr. 4932.94 með 6% ársvöxtum frá 22. júní 1950 til greiðsludags og kr. 1500.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. marz 1951.

Mál þetta, sem dómtekið var 16. þ. m., hefur Örn Ingólfsson fulltrúi, Bergstaðastræti 68, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 22. júní 1950 gegn Jóni R. Gíslasyni, Hvaleyrri, Hafnarfirði, til greiðslu skaðabóta vegna bifreiðaáreksturs að fjárhæð kr. 9865.88 með 6% vöxtum frá stefnudegi¹⁾ til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Þá hefur Sjóváttryggingarfélagi Íslands h/f verið stefnt til réttargæzlu í máli þessu, en síðargreind bifreið stefnda, G 1256, var váttryggð hjá því félagi. Engar kröfur hafa verið gerðar á hendur réttargæzlustefnda og það hefur engar kröfur gert.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu af kröfum stefnanda. Til vara hefur hann krafizt lækkunar á kröfum stefnanda og að málskostnaður verði látinn niður falla.

Málsatvik eru þau, að þann 26. janúar 1949 varð árekstur milli bifreiðanna R 5179, eign stefnanda, og G 1256, eign stefnda, með þeim afleiðingum, að þær skemmdust báðar mikið. Ökumaður R 5179, en sú bifreið er af svonefndri „Jeep“-gerð, hefur skýrt svo frá, að umræddan dag hafi hann verið á leið frá Reykjavík til Hafnarfjarðar. Skyggni hafi verið slæmt, nokkur snjóköma, en hægviðri. Vegurinn hafi verið flugháll, þar sem ísing hafi verið undir snjófölinu á veginum. Hann hafi haft snjókeðjur á báðum afturhjóllum bifreiðarinnar og ekið með um 20 til 25 km hraða miðað við klukkustund á sem næst miðjum vegi, enda hafi umferð verið lítil. Um kl. 12.15 hafi hann verið kominn suður undir svonefnt Silfurtún. Hafi hann þá séð til ferða vöruflutningabifreiðar, er hafi komið á móti, og hafi þá verið um 150 til 200 metrar á milli bifreiðanna.

Skömmu síðar kveðst ökumaðurinn hafa beygt til vinstri til að vera á réttri vegarbrún. Við það hafi bifreiðin orðið óstöðug á veginum og „svansað til“ ýmist með fram- eða afturenda. Þar sem bifreiðin hafi leitað út á vegarbrúnina, hafi hann orðið að beygja til hægri. Hafi honum með því tekizt að fá bifreiðina rétta á veginum. Allt í einu hafi orðið eins og festa á framhjólum bifreiðarinnar, líkt og hjólin gripu í auðan blett. Hafi hann þá sveigt lítið eitt meira til hægri, en bifreiðin hafi snúizt snögglega til þeirrar handar og runnið stjórnlaus áfram. Kveðst öku-

1) Á að vera 1. apríl 1949 samkvæmt því, er greinir í héraðsdómsstefnu.

maður þá hafa reynt að hemla og snúa bifreiðinni til vinstri, en bifreiðin lét ekki að stjórn, heldur snerist meira til hægri og rann þannig áfram á ská, á um það bil miðjum vegi. Þá hafi hann slakað á hemlunum og reynt að sveigja meira til vinstri og hafi bifreiðin við það réttzt nokkuð á veginum. Í þessu hafi bifreið sú, er á móti kom og reyndist vera G 1256, komið þar að með um 30 til 35 km hraða miðað við klukkustund. Hafi hægra framhorn vörupallsins rekizt á R 5179, sem þá hafi verið á miðjum veginum. Við áreksturinn hafi R 5179 snúizt til, þannig, að framendi hennar hafi eftir áreksturinn snúið næstum í norður, en G 1256 hafi farið út af veginum vinstra megin.

Kröfur sínar í máli þessu byggir stefnandi á því, að ökumaður G 1256 eigi alla sök á árekstri þessum. Hann hafi séð til ferða R 5179, er alllangt var á milli þeirra, og að hún var stjórnlaus á miðjum veginum. Samt hafi hann ekið áfram með óbreyttum hraða og á R 5179, þar sem hún var stödd. Hafi hann þó haft nægilegt ráðrúm til að stöðva bifreið sína og forða þannig árekstrinum.

Ökumaður G 1256 hefur skýrt svo frá, að í umrætt sinn hafi hann ekið bifreið þessari, sem er vöruflutningabifreið, frá Hafnarfirði áleiðis til Reykjavíkur. Bifreiðin hafi verið fullhlaðin af sandi. Vegurinn hafi verið mjög háll, og hafi hann haft snjókeðjur á ytri afturhjólum bifreiðarinnar, en hún er með tvöföldum afturhjólum. Hafi hann ekið á vinstri vegarhelmingi með um 35 km hraða miðað við klukkustund. Er hann hafi verið kominn um 50 m inn fyrir brúna á Hraunholtslæk, hafi hann séð R 5179 koma á móti sér, og hafi bilið á milli bifreiðanna þá verið um 100 m. R 5179 hafi verið ekið á miðjum veginum og með um 25 km hraða miðað við klukkustund. Er bifreiðarnar nálguðust, kveðst ökumaður G 1256 hafa dregið úr hraðanum og ekið með um 20 km hraða miðað við klukkustund. Skömmu síðar hafi R 5179 verið sveigt út á vinstri (eystri) vegarbrún. Við það hafi hún lent utan í snjóhæð yzt á veginum og virzt skrika til og snúast fram á veginn. Skjótt á eftir hafi honum virzt ökumaður R 5179 ná aftur valdi á bifreiðinni og aka áfram á vinstra vegarhelmingi. Um það bil, sem bifreiðarnar hafi verið að mætast, hafi R 5179 allt í einu snúizt inn á veginn. Kveðst ökumaður G 1256 þá hafa hemlað, en árekstri hafi ekki orðið forðað, enda hafi R 5179 þá verið á miðjum veginum. Hafi framendi hennar lent á hægra vörupallshorni og afturhjól G 1256. Við áreksturinn kastaðist G 1256 út af veginum til vinstri með afturhjólun og rann nokkurn spöl eftir vegarbrúninni með framhjólun upp á veginum. Þannig stöðvaðist hún.

Kröfur sínar í máli þessu byggir stefndi á því, að ökumaður R 5179 eigi sök á árekstri þessum með gálausum akstri. Hann hafi ekið á miðjum vegi, en misst stjórn á bifreið sinni, er hann hafi ætlað að sveigja út á réttan vegarhelming, og bendi þetta til, að hann hafi ekið óhæfilega hratt, eins og á stöð. Þetta hafi gerzt svo skjótt, að árekstri hafi ekki orðið forðað af ökumanni G 1256.

Þá hefur stefndi bent á, að ökumaður R 5179 hafi ekki gefið hljóðmerki

til að vara ökumann G 1256 við hættu þeirri, er stafaði af því, að R 5179 var stjórnlaus á veginum.

Engir farþegar voru í bifreiðunum í umrætt sinn, og eru ökumenn bifreiðanna einir til frásagnar um atvik öll.

Löggæzlumenn komu á staðinn skömmu eftir áreksturinn, og var gerður uppdráttur af staðháttum. Vegurinn þarna er um 8.50 m á breidd og var mjög háll í umrætt sinn. Bifreiðin G 1256 hafði runnið á ská út af veginum vinstra megin, og voru bæði afturhjólin fyrir utan veginn, en framhjólin á vegarbrúninni.

R 5179 stóð á veginum 16 m sunnar og vísaði framendi hennar til norðurs. Við árekstur þennan urðu verulegar skemmdir á báðum bifreiðunum.

Svo sem að framan er getið, hafði ökumaður G 1256 séð til ferða R 5179 allöngu áður en áreksturinn varð. Þá sá hann, að ökumaður þeirrar bifreiðar missti vald á henni, er hann sveigði til vinstri. Bar ökumanni G 1256 þá að draga mjög úr hraða sinnar bifreiðar og jafnvel stöðva hana alveg, enda mátti honum vera ljóst, hve háll vegurinn var. Þetta gerði hann ekki. Verður hann því talinn eiga sök á, hvernig fór. Ökumaður R 5179 ók á miðjum vegi. Hann sá til ferða G 1256 allöngu áður en áreksturinn varð, en virðist ekki strax hafa gert ráðstafanir til að flytja sig yfir á réttan vegarhelming. Er hann sveigir til vinstri, er ljóst, að hraði bifreiðarinnar hefur verið óhæfilega mikill, eins og á stóð, og hann því misst vald á bifreiðinni. Verður hann því einnig talinn hafa sýnt slíkt gáleysi í akstri í umrætt sinn, að hann verður einnig talinn eiga sök á árekstri þessum.

Þegar virt eru öll atvik að árekstri þessum, þykir rétt að telja ökumann G 1256 eiga helming sakar og samkvæmt ákvæðum 4. mgr. 34. gr. bifreiðalaganna nr. 23 frá 1941 ber stefnda að bæta stefnanda það tjón, er hann beið af árekstrinum að þeim hluta.

Í máli þessu krefur stefnandi stefnda um viðgerðarkostnað bifreiðarinnar R 5179, sem nam kr. 9865.88.

Stefndi hefur ekki mótmælt fjárhæð þessari út af fyrir sig, en krafizt þess, að hún verði eitthvað lækkuð með hliðsjón af því, að nýtt hafi komið í stað gamals við viðgerðina.

Þegar þess er gætt, að hér var um nýlega yfirbyggða bifreið að ræða, þykir ekki ástæða til að lækka bótakröfu stefnanda af þessum sökum.

Málalok verða því þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða helming af kr. 9865.88 eða kr. 4.932.94 með vöxtum, svo sem krafizt er.

Stefndi hefur sérstaklega mótmælt málskostnaðarkröfu stefnda, þar sem hann hafi ekki samið um greiðslu á tjóni þessu, en það hafi honum staðið til boða.

Þar sem ósannað er, að stefndi hafi boðið fram bótageiðslu áður en til máls þessa kom, verður að dæma hann til að greiða málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 700.00.

Benedikt Sigurjónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Jón R. Gíslason, greiði stefnanda, Erni Ingólfssyni, kr. 4932.94 með 6% ársvöxtum frá 1. apríl 1949 til greiðsludags og kr. 700.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 18. febrúar 1953.

Nr. 95/1951. **Jón Sigurðsson** (Gústaf A. Sveinsson)

gegn

Dráttarbraut Akureyrar h/f og

Gunnari Jónssyni (Ragnar Jónsson).

Dómendur:

Hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteinnsson, Jón Ásbjörnsson, Þórður Eyjólfsson og próf. Ólafur Lárusson.

Ágreiningur um málskostnað í héraði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. júlí 1951, að fengnu áfrýjunarleyfi 17. s. m., gerir þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af málskostnaðargreiðslu til stefnda í héraði og að honum verði dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti úr hendi þeirra eftir mati dómsins. Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og að þeim verði dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda að mati Hæstaréttar.

Eftir atvikum þykir rétt að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, að því er varðar málskostnaðargreiðslu áfrýjanda til stefndu.

Eftir þessum úrslitum ber áfrýjanda að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 1000.00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, að því er varðar málskostnaðargreiðslu áfrýjanda, Jóns Sigurðssonar, til stefndu, Gunnars Jónssonar og Dráttarbrautar Akureyrar h/f.